

Fimmtudaginn 1. júní 1995.

Nr. 191/1993.

**Ásta Guðbjörg Scobie**

(Kristján Stefánsson hrl.)

gegn

**Pfaff hf. og**

**Austurbakka hf.**

og til réttargæslu

**Sjóvá-Almennum tryggingum hf.**

(Pétur Guðmundarson hrl.)

Skaðabótamál. Fasteign. Sératkvæði.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 12. maí 1993. Hún krefst þess, að hin stefndu félag Pfaff hf. og Austurbakki hf. verði dæmd til að greiða sér in solidum 2.310.300 krónur með tilgreindum vöxtum frá 29. júní 1984 til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu Pfaff hf. og Austurbakki hf. krefjast aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms, til vara sakarskiptingar og til þrautavara lækkunar á kröfum áfrýjanda. Í öllum tilvikum krefjast stefndu málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Engar kröfur eru gerðar á hendur réttargæslustefnda, og hann gerir engar kröfur í málinu.

Stefndu hreyfa ekki andmælum gegn hækkun á kröfufjárhæð áfrýjanda, en hún er byggð á nýjum örorkutjónsútreikningi, sem lagður hefur verið fyrir Hæstarétt.

Mál þetta var höfðað í héraði með áritun stefnu 18. nóvember 1992.

Aðstæður við Borgartún 20 í Reykjavík eru ekki með þeim hætti, að á stefndu verði lögð ábyrgð á því slysi, sem áfrýjandi varð fyrir og rekja má til óhappatilviljunar. Er hinn áfrýjaði dómur því staðfestur með skírskotun til forsendna hans að öðru leyti.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjanda til að greiða

stefndu óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

### D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Ásta Guðbjörg Scobie, greiði stefndu Pfaff hf. og Austurbakka hf. óskipt 40.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

### S é r a t k v æ ð i Hjartar Torfasonar

Skipting gangstéttar eins og við Borgartún 20 er ekki hættulaus þrátt fyrir hreinlegan frágang, en telja verður, að áfrýjandi hefði átt að geta varast hæðarmun innri og ytri stéttar, eins og á stóð. Eigi það einnig við um hallann á ytri stéttinni, auk þess sem áfrýjandi hefur ekki sýnt fram á, að slysið verði sérstaklega til hans rakið. Með skírskotun til þessa og til forsendna hins áfrýjaða dóms er ég samþykkur því, að staðfesta beri dóminn, en málskostnaður fyrir Hæstarétti á að falla niður.

### Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 4. maí 1993.

#### I.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. apríl sl., var höfðað með þingfestingu málsins 19. nóvember 1992.

Stefnandi er Ásta Guðbjörg Scobie, kt. 270530-5839, Fellsmúla 4, Reykjavík.

Stefndu eru Pfaff hf., kt. 500269-6699, Borgartúni 20, Reykjavík, Austurbakki hf., kt. 680483-0709, Borgartúni 20, Reykjavík, og Sjóvá-Almennar tryggingar hf., kt. 701288-1739, Kringlunni 5, Reykjavík, til réttargæslu.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða skaðabætur, að fjárhæð 1.802.300 kr., með [nánar tilgreindum vöxtum].

Engar kröfur eru gerðar á hendur réttargæslustefnda, Sjóvá-Almennum tryggingum hf.

Þá er þess krafist, að stefndu verði gert að greiða stefnanda málskostnað [...].

Af hálfu stefndu eru gerðar þær dómkröfur aðallega, að þeir verði al-sýknaðir af kröfum stefnanda og dæmdur málskostnaður úr hendi hans að mati réttarins.

Til vara er þess krafist, að sök verði skipt og málskostnaður felldur niður, en til þrautavara, að kröfur verði lækkaðar verulega og málskostnaður felldur niður.

## II.

Stefnandi krefur um skaðabætur vegna slyss, er hún varð fyrir 29. júní 1984, er hún datt á gangstéttarbrún fyrir framan inngang hússins nr. 20 við Borgartún, Reykjavík, en stefndu, Pfaff hf. og Austurbakki hf., eru eigendur hússins.

Við fallið hlaut stefnandi brot á hægri lærlegg upp í mjöðm. Var gert að broti hennar á bæklunarskurðeild Landspítalans, og var hún þar rúmföst tæpan mánuð.

---

## III.

### *Niðurstaða.*

Umdeilt slys varð um kl. 16 föstudaginn 29. júní 1984. Í skýrslu lögreglu, sem kom á vettvang, segir, að stefnandi hafi fallið í tröppu fyrir utan húsið. Að öðru leyti veitir skýrsla þessi engar upplýsingar um aðdraganda að slysinu. Henni fylgja tvær ljósmyndir af inngangi hússins nr. 20 við Borgartún.

Dómari kannaði aðstæður á vettvangi ásamt lögmönnum aðila. Meðfram framhlið hússins eru tvær samsíða gangstéttir. Þeim hluta gangstéttarinnar, sem nær er bílastæði hússins, hallar lítillega til samræmis við götuhalla Borgartúns. Hinn hlutinn, sem nær er húsinu, er hornréttur á húsið. Af þessum sökum er hæðarmunur á gangstéttunum, og jafnar hann út halla milli götu og húss. Þar sem hæðarmunur gangstéttanna er mestur, er hann 17,5 cm, en munurinn minnkar og hverfur að fullu til vesturs. Óumdeilt er, að stefndu gengu frá lóð sinni og þar með gangstéttinni með þessum hætti.

Stefnandi gaf skýrslu fyrir dóminum. Hún lýsti atburðinum svo, að hún hefði komið í bifreið að húsinu nr. 20 við Borgartún, en þangað hefði hún átt erindi. Í bifreiðinni hefðu auk stefnanda verið eiginmaður hennar og dóttir. Kvað hún veður hafa verið bjart og gott umrætt sinn. Bifreiðinni hefði verið lagt á bílastæði svo til fyrir framan inngang hússins. Þegar slysið varð, hefði stefnandi verið á leið aftur að bifreiðinni, eftir að hún hafði lokið erindi sínu. Taldi hún sig hafa verið komna niður tröppur við innganginn og gengið á stéttinni, þegar hún skyndilega féll, en hún hefði ekki veitt athygli hæðarmun á stéttinni.

Í málinu er ekki miðað við, að byggingarreglugerð hafi verið brotin með gerð umræddrar gangstéttar. Því kemur til álita, hvort stefndu hafi borið að gera einhverjar sérstakar öryggisráðstafanir við þrep gangstéttanna til að

koma í veg fyrir slys af þessu tagi. Ekki hefur komið fram í málinu, að slys eða óhöpp hafi orðið við gangstétt þessa áður.

Það er mat dómsins, að ljós slyshætta hafi ekki verið af hæðarmun þessum, enda sé hann óverulegur. Verður því ekki talið, að stefndu hafi borið að viðhafa sérstakan umbúnað af þeim sökum til að varna slysum af þessu tagi.

Pegar stefnandi kom að húsinu umrætt sinn, gekk hún upp þrepið, áður en kom að tröppum hússins. Mátti henni því vera kunnugt um það, auk þess sem hæðarmunurinn er augljós hverjum þeim, sem kemur út úr húsinu í björtu veðri og við góðar aðstæður, svo sem var umrætt sinn.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið hér að framan, verður ekki talið, að stefndu beri sök vegna slyss stefnanda. Verður bótaskylda vegna tjóns stefnanda því ekki lögð á stefndu í máli þessu, og ber að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Valtýr Sigurðsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

#### D ó m s o r ð:

Stefndu, Pfaff hf. og Austurbakki hf., skulu vera sýknir af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

---